

þing 1.25
þing 1.25

115

Fm. 472.

17/10-36

Bæjarstjórn Akureyrar

gjörir kunnugt með bréfi þessu:

Samkvæmt tillögum byggingsnefndar (jarðeignanefndar), d. s. 6. maí 1932 og fundarsamþykt bæjarstjórnar, d. s. 10. maí 1932 er herra ~~ská~~ skátafjelaginu " Fálkar "

Akureyri

seld á leigu byggingarlóð, sem lýst er í tölulið 1. hér á eftir og viðfestur uppdráttur sýnir, með eftирgreindum nánari skilmálum:

1. Hin selda lóð er 1225,00 ferm. að flatarmáli, samkvæmt mælingu og uppdrætti

Lóðin liggur í fjallinu ofan Akureyri efst í svonefndum Háubrekkum, skamt norur af klettabelti er Hamrahaus nefnist. Lóðin er rjetthyrndur ferhyrningur, 35,00 m a hvorn veg. Á lóðinni stendur skálinn " Fálkafell " og nær hún 10,00 m austur fyrir húsið og 10,00 m norður fyrir, samhliða húsveggjum.
2. Lóðin er seld á leigu til bygginga og hverskonar afnota annara, er lög og reglugerðir bæjarins heimila, eins og um eign væri að ræða.
3. Leigutaki skal hafa bygt á lóðinni áður en tvö ár eru liðin frá því honum var til-kynt að lóðin væri honum leigð, ella fellur hún aftur til bæjarins, endurgjaldslaust.
4. Leigutaki greiðir lóðargjald til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, samkvæmt ákvæðum gildandi laga, eins og hún væri ekki eign bæjarsjóðs.
5. Leigutaki skal greiða í bæjarsjóð ársleigu af lóðinni 4 — fjögur — prósent af fasteignamatsverði hennar, eftir því sem hún er metin samkvæmt opinberu fasteignamati á hverjum tíma. Nú er lóðin ómetin ~~kr.~~ og leiga því eftir hana á ári kr. 4.00 uns nýtt fasteignamat gengur í gildi.
6. Gjalddagi leigunnar er 1. okt. ár hvert, í fyrsta sinn 1. okt. 1936 og er leigan trygð með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, má til líkningar gera fjárnám í leiguréttindunum, húsum og mannvirkjum á lóðinni, án dóms eða sáttar, samkv. 15. gr. laga 16. des. 1885 eða selja veðið án dóms og laga, samkv. 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, 3. gr. laga 4. nóv. 1887 nr. 18.

7. Heimilt er bæjarstjórninni að leggja skólpræsi, vatnsæðar, rafveitutaugar og annað því um líkt um leigulóðina, án endurgjalds, enda sé lóð og mannvirkjum ekki spilt með þeim.
 8. Heimilt er leigutaka að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkv. samningi þessum, ásamt með húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni.
 9. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til hins opinbera, sem eru og lagðir kunna að verða á leigulóðina sem gjaldstofn.
 10. Með framanrituðum skilmálum er leigutaka leigð lóðin til ótakmarkaðs tíma, svo lengi sem hann eða þeir, er í hans stað koma, fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum.
 11. Skylt er leigutaka að láta þinglesa þennan leigusamning á sinn kostnað á næsta manntalsþingi eftir undirskrift hans, að öðrum kosti lætur bæjarstjórnin þinglesa hann á kostnað leigutaka.

Akureyri 17. okt. 1936
Sleicer Sleinen



Möttekid 17/10 1936 kl. 15
Ei biðdestum í manntalsþinai

Akureyri 1936 Auðk. Lítra 4 nr. 115

